



## »» BREIÐIR ÚT ÞEKKINGU

Sjávarútvegserindi þekkingarseturs Vestmannaeyja hafa vakið athygli. Þar er tekið á mörgum áhugaverðum málum sem brenna á áhugafólki um sjávarútveg.

»» 4



# Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR

6. JÚNÍ 2019

23. tbl. 38. árg.

Samtal um sjávarútveginn í Þekkingarsetri Vestmannaeyja

# Breiðir út þekkingu um sjávarútveg

Sjávarútvegserindi Þekkingarseturs Vestmannaeyja hafa vakið athygli innan sjávarútvegsins þar sem tekið er á mörgum áhugaverðum málum sem brenna á greininni en líka mörgu öðru.

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON  
guju@fiskifrettir.is

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur frá því í febrúar 2018 staðið fyrir erindum um málefni sjávarútvegsins í hverjum mánuði að sumarmánuðunum undanskildum.



Hrafn Sævaldsson.

Erindin eru nú orðin 13 talsins en það sem vekur ekki síst athygli er fjölbreytni þeirra því jafnt hefur verið fjallað um veiðar og vinnslu, markaðssetningu, fiskveiðistjórnunarkerfið, starfsemi einstakra fyrirtækja o.fl.

## Getur stuðlað að nýsköpun

Hrafn Sævaldsson, nýsköpunar- og þróunarstjóri Þekkingarsetursins, segir þennan hluta starfseminnar skila aukinni þekkingu inn í greinina, hún getur stuðlað að nýsköpun og síðast en ekki síst sé ákjósanlegur vettvangur til skoðanaskipta og samskipta aðila innan greinarinnar. Fyrsta erindið flutti Valur Bogason, forstöðumaður Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum, 22. febrúar 2018 og bar það heitið Netarall og hafsvæðið í kringum Eyjar.

Þá hefur Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmda-



Vestmannaeyjar eru ein mikilvægasta fiskihöfn Íslands en þar eiga fræði- og þekkingarleit einnig sinn sess.

MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

stjóri Vinnslustöðvarinnar, fjallað um markaði VSV, markaðsstarf fyrirtækisins, stöðu og horfur á mörkuðum og nýja markaði, Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri uppsjávarlífríkis hjá Hafrannsóknastofnun, fjallaði um rannsóknir á loðnu, Eyþór Björnsson fiskistofustjóri fjallaði um Fiskistofu í nútíð og framtíð, Róbert Guðfinnsson fjallaði um nýsköpun, markaðssetningu og framtíðina, Daði Már Kristófersson, umhverfis- og auðlindahagfræðingur, fjallaði um veiðigjöld og svo má áfram telja. Nú síðast, 27. maí, flutti Eyjamaðurinn Óskar Sigmondsson, framkvæmdastjóri Marós í Þýskalandi, erindi um tækifæri fyrir fyrirtæki í Ey-

um á erlendum mörkuðum, fullvinnslu, vörumerki og framtíð fiskvinnslu á Íslandi.

## Samtal fremur en framsögur

Erindin eru öll tekin upp í mynd og eru þau aðgengileg á vef Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Ljósmyndir, glærur og stutt yfirlit er einnig aðgengilegt eftir hvert erindi. Slóðin er <http://www.setur.is/gagnasofn/erindi/sjavarutvegs-erindi/>.

Fyrirkomulagið á erindaflutningnum í Þekkingarsetrinu er einfalt og þægilegt fyrir flesta. Þau eru haldin í nýlegu og glæsilegu húsnæði Þekkingarsetursins á Ægisgötu alveg við höfnina og húsið opnar 11.45. Hrafn segir að strax þá streymi

að áhugasamir og boðið er upp á súpu og brauð fyrir og á meðan erindið er flutt sem hefst kl. 12. Rúmlega 100 sjávarútvegstengdum aðilum er boðið á erindin og þekkjast að jafnaði um 30-40 manns boðið. Mest hafa 60 hlýtt á erindi. Hrafn segir að áhersla sé lögð á að hafa erindin óformleg og miðað er við að hvert erindi taki í kringum 40 mínútur í flutningi. Það sé gert til þess að ganga ekki á hádegishlé þeirra sem eru við vinnu en gefa samt rými fyrir spurningar og svör meðan á fyrirlestrinum stendur. Með þessu fyrirkomulagi verður í rauninni fremur um samtal að ræða en einungis framsögur og það skili sér jafnt í líflægum og skapandi umræðum og sé til

þess fallið að breiða út þekkingu til fagaðila innan sjávarútvegsins.

„Við byrjum alltaf stundvíslega kl. 12 og hættum stundvíslega kl. 13. Ef áhugi er fyrir hendi þá geta áhugasamir aðilar rætt við flutningsmann erindisins að erindi loknu. Oft á tíðum hafa fyrirtækin líka boðið viðkomandi í heimsókn og það hefur skapað góðar tengingar.“

Hlé er gert á erindunum yfir sumarið og í haust, en nú þegar er farið að setja niður erindi í haust. Eyjamaðurinn Guðstaf Baldvinnsson, framkvæmdastjóri Ice Fresh Seafood, dótturfyrirtækis Samherja, fjallar þá um sölu og markaðssetningu á fiski út um víða veröld.